Fundargerð 28.08.2026

Fagráð um velferð dýra

Skipulag

Fundarboðandi:	Agnes Helga Martin	*Fundarstaður:*	Fjarfundur (Teams)
Fundarstjóri:	Þóra J. Jónasdóttir	*Dagsetning:*	28. ágúst 2026
Fundarritari:	Agnes Helga Martin	*Fundartími:*	10:00 – 11:55

Þátttakendur: Þóra J. Jónasdóttir (yfirdýralæknir og formaður fagráðs), Eyjólfur Kristinn Örnólfsson, (f.h. Bændasamtaka Íslands), Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnun HÍ), Hinrik Ragnar Helgason (f.h. DÍ), Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsamband Íslands, DÍS). Starfsmaður MAST: Agnes Helga Martin (sérgreinadýralæknir gæludýra og dýra sem notuð eru í vísindaskyni).

Dagskrá

1. **Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum:**

   a. **Titill umsóknar**: Áhrif valinna stökkbreytinga í Mitf geni á sjónskynjun, heyrn, útlit augnbotna, æðakerfi augans, nýæðamyndun og sjálfsát í litþekju.

   Tilgangur tilraunar: Að rannsaka hlutverk MITF umritunarþáttar í sjálfsáti (autophagy) litþekjufrumna augans, áhrif Mitf-stökkbreytinga á sjónhimnu, heyrn, æðakerfi augans og nýæðamyndun, og mögulega þýðingu þessara ferla fyrir sjúkdóma á borð við aldurstengda hrörnun í augnbotnum (AMD), Stargardt sjúkdóm og retinitis pigmentosa.

   Fyrir fundinn lá mat Agnesar Helgu Martin sérgreinadýralæknis á umsókninni. Fagráð veitir jákvæða umsögn, vel unnin og ýtarleg umsókn. Sérbókun: DÍS bendir á að ávallt skuli hafa í huga að dýr eru skyni gæddar verur.

   b. **Titill umsóknar:** (e) MinTag: whale satellite tagging.

   Tilgangur tilraunar: Áframhaldandi þróun og notkun nýrrar gervihnattasendamerkingar (MinTag) á hvölum í íslenskri lögsögu. Markmið rannsóknarinnar er að afla upplýsinga um farleiðir, búsvæði, atferli og möguleg æxlunarsvæði hvala með langtímagögnum úr gervihnattasendum. Sérstök áhersla er á hrefnu og langreyði, en einnig kunna að verða merktir steypireyðir, grindhvalir, hnúfubakar og andarnefjur.

   Fyrir fundinn lá mat Agnesar Helgu Martin sérgreinadýralæknis á umsókninni. Fagráð veitir jákvæða umsögn. Sérbókun: DÍS bendir á að ávallt skuli hafa í huga að dýr eru skyni gæddar verur.

2. **Önnur mál**

   1) Vinnureglur fagráðs – í vinnslu

   2) Sýndargirðingar – stutt kynning frá yfirdýralækni og formanns fagráðs Þóru J. Jónasdóttur á forsögu og fyrirspurnir ólíkra aðila um möguleika hér á landi. Umræða sett á dagskrá næsta fundar þegar fyrirliggjandi gögn hafa verið send.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 11:55. Næsti reglulegi fundur Fagráðs um velferð dýra verður haldinn 29. september 2026 kl. 14.00-15.30.